

Fundargerð stjórnar SOS nr. 307

Stjórnarfundur SOS

Staður: Skrifstofur Terra, Berghellu 1, Hafnarfirði

Dagsetning og tími: 1. desember 2021 kl. 13:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH). Þá mættu Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson SASS.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn var endurkjörin á síðasta aðalfundi og verður skipan hennar óbreytt. Formaður er Jón G. Valgeirsson, varaformaður Anton Kári Halldórsson og ritari Gísli H. Halldórsson.

2. Samningur SOS við SASS

Stjórn Sorpstöðvarinnar samþykkir að framlengja samning við Samtök Sunnlenskra Sveitarfélaga um þjónustu við SOS.

3. Samningur SOS við EnvironIce

Stjórn Sorpstöðvarinnar samþykkir að halda áfram samstarfi við Stefán Gíslason hjá EnvironIce ehf., enda er stjórnin mjög ánægð með ráðgjöf og sérfræðivinnu Stefáns á þeim umbreytingartímum sem verið hafa á undanförunum árum og fyrirséð er að halda muni áfram.

4. Forverkefni um hátækni sorpbrennslu

Rætt um stöðu verkefnis. Fyrirhugað er að stýrihópur verkefnisins skili lokaskýrslu þann 8. desember næstkomandi.

5. Drög að svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2031

Athugasemdir við kynnta svæðisáætlun hafa borist úr ýmsum áttum og er nú verið að leggja lokahönd á tillöguna. Tillagan mun síðan verða send til samþykktar í sveitarfélögunum.

6. Málefni Kirkjuferjuháleigu

Svar hefur borist frá UST vegna fyrirspurnar SOS um möguleika til landnotkunar í Kirkjuferjuháleigu í tengslum við mótorkross. Stjórn samþykkir að send verði formleg fyrirspurn á Sveitarfélagið Ölfus og mun AKH sjá til þess.

7. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

Stefán Gíslason gerir grein fyrir stöðu mála. Umræður um fyrirliggjandi verkefni komandi árs.

8. Skoðunarferð hjá Terra

Arngrímur Sverrisson, rekstrarstjóri Terra, kynnti aðstöðu Terra að Berghelli í Hafnarfirði.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Selfossi í 18. janúar næstkomandi, klukkan 15:00.

Fundi slitið klukkan 16:00